GJALDSKRÁ

Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er eftirfarandi:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 1.400
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	" 1.850
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	" 4.200
- gjald fyrir sæðingu úr holdanautum	" 1.200
- Heimsóknargjald vegna sæðinga	" 800

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 3.400	pr. klst.
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV	kr. 8.000	pr. klst.
Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 0	

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsókna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er staðfest af ráðherra með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. september 2006.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2006